

17. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, sem samin er af heibrigðisnefnd Reykjavíkur, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt og gjaldskrá nr. 147/1991 fyrir sorphirðu í Reykjavík, sbr. br. nr. 46/1996.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. desember 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um upphafsstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

1. gr.

Til grundvallar við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, skal leggja eftirfarandi upphafsstuðla, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 511, 18. ágúst 1998 um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð:

		Nýtingar- stuðull
Þorskur	- hausadur, án klumbubeins	70,0
	- hausadur, með klumbubeini	77,0
	- flök, með roði og beinum	44,5
	- flök, roðflett, með beinum	41,5
	- flök, roðflett, án þunnilda með beinum	41,5
	- flök, með roði, beinlaus	40,0
	- flök, roðflett og beinlaus	37,0
Ýsa	- hausuð	74,0
	- flök, með roði og beinum	43,0
	- flök, roðflett með beinum	41,0
	- flök, með roði, beinlaus	41,0
Ufsi	- flök, roðflett og beinlaus	39,0
	- hausadur	80,0
	- flök, með roði og beinum	53,0
	- flök, roðflett, með beinum	50,0
Karfi	- flök, roðflett, án þunnilda með beinum	50,0
	- flök, roðflett og beinlaus	48,0
	- skorinn,	55,0
	- slægður, með haus	94,0
	- flök, með roði og beinum	30,0
	- flök, með roði og beinlaus	28,0
	- flök, roðflett, með beinum	27,0
	- flök, roðflett og beinlaus	26,0

		Nýtingar- stuðull
Grálúða	- hausuð	72,0
	- hausuð og sporðskorin	70,0
Steinbítur	- hausauður	68,0
	- flök, roðlaus með beini	35,0
Koli	- hausauður	72,0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998 um mælingar á vinnslu-
nýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og birtist til eftirbreytni öllum þeim
sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið
1999 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari
breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna
gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 1998.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.